



# Reglur um stuðningsþjónustu við fatlað fólk

## 1. kafli

### Almenn atriði

#### 1. gr.

#### Tegund þjónustu

Reglur þessar taka til:

- Félagslegrar liðveislu sem veitt er á grundvelli 24. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
- Frekari liðveislu sem veitt er á grundvelli 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
- Stuðningsfjölskylduúrræða sem veitt eru á grundvelli 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samkvæmt 21. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
- Skammtí mavistunar sem veitt er á grundvelli 22. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
- Beinir greiðslur vegna þjónustu sem byggir á félagslegri liðveislu og stuðningsfjölskylduúrræðum.
- Sérfræðiaðstoð og ráðgjöf hjá sálfræðingum, geðlæknum, félagasráðgjöfum eða öðrum fagaðillum með framhaldsmenntun í meðferð. Aðstoðin er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1999 og samkvæmt 8. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

#### Markmið

Markmið þjónustu er að veita einstaklingum með fötlun, langveikum börnum, og eftir atvikum foreldrum barna með fötlun eða langvinna sjúkdóma, félagslegan stuðning sem miðar að aukinni félagslegri færni, stuðning sem miðar að því að efla sjálfstæði til að búa á eigin heimili og eftir atvikum að styrkja foreldra eða forráðamenn í uppeldishlutverki sínu.

Þjónusta er háð fjárhagsáætlun. Hún er tímabundin og er tímalengd háð mati hverju sinni.

#### 3. gr.

#### Forsendur

Þjónustan er ætluð fyrir einstaklinga sem eiga lögheimili í Kópavogi og uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- Hafa varanlega örorku
- Hafa umönnunarmat vegna fötlunar eða búa við alvarlegan vanda sem jafna má við fötlun.
- Eru foreldrar eða forráðamenn fatlaðra eða langveikra barna.

## 2. kafli

### Félagsleg liðveisla

#### 4. gr.

##### Skilgreiningar og þjónusta

Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og efla sjálfstæði í félagslegum samskiptum, sbr. 24. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum. Félagsleg liðveisla er veitt að jafnaði frá 6 ára aldri.

Fólk sem er á endurhæfingarlífeyri vegna sjúkdóms sem jafna má við fötlun og er félagslega einangrað getur átt rétt á félagslegri liðveislu.

Börn á aldrinum 6 til 17 ára sem eru með alvarlegan vanda sem jafna má við fötlun og eru félagslega einangruð geta átt rétt á félagslegri liðveislu.

Félagsleg liðveisla er tímabundin og er tímalengd háð mati hverju sinni. Samþykkt um þjónustu skal endurskoðuð reglulega, fyrst að þremur mánuðum liðnum. Leitast skal við að stuðningur hefjist innan mánaðar frá samþykki.

- Að jafnaði skal miðað við allt að 16 tíma í liðveislu á mánuði. Þegar sérstök rök mæla með því er heimilt að veita allt að 36 tíma á mánuði.
- Í ákveðnum tilvikum er leyfilegt að veita einstaklingum í sértækri búsetu liðveislu og þá að hámarki 8 tíma á mánuði.

#### 5. gr.

##### Framkvæmd þjónustunnar

Kópavogsbær greiðir laun starfsmanns samkvæmt kjarasamning. Starfsmönnum er óheimil fjárhagsleg umsýsla fyrir notanda. Auk þess er þeim óheimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá þeim er njóta liðveislu eða forráðamönnum þeirra.

Liðveitandi skal skila inn tíma- og aksturskýrslum fyrir 15. hvers mánaðar. Tímaskýrslur skulu staðfestar af notanda, forráðamanni eða talsmanni. Yfirlit um útlagðan kostnað ásamt kvittunum vegna útgjalda skulu fylgja. Ekki er greidd hærri upphæð í útlagðan kostnað fyrir liðveitanda en kr. 4000 í mánuði miðað við hámarks tímafjölda í liðveislu. Notandi greiðir sjálfur útlagðan kostnað sinn. Akstur er að hámarki greiddur sem nemur 80 km á mánuði miðað við hámarks liðveislu.

### **3. kafli**

#### **Frekari liðveisla**

##### **6. gr.**

##### **Skilgreiningar og þjónusta**

Með frekari liðveislu er átt við margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs. Frekari liðveisla kemur til álita þegar almenn þjónusta dugar ekki til og er veitt í þeim tilvikum þegar hægt er að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Samþykkt um þjónustu skal að jafnaði endurskoðuð reglulega, fyrst að þremur mánuðum liðnum. Leitast skal við að stuðningur hefjist innan mánaðar frá samþykki.

Frekari liðveisla er tímabundin og er heimilt að veita allt að 137 tíma á mánuði. Tímalengd háð mati hverju sinni. Gerður er skriflegur samningur um þjónustuna.

##### **7. gr.**

##### **Framkvæmd þjónustu**

Kópavogsbær greiðir laun starfsmanns samkvæmt kjarasamning. Starfsmönnum er óheimil fjárhagsleg umsýsla fyrir notanda. Auk þess er þeim óheimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá þeim er njóta liðveislu eða forráðamönnum þeirra.

Notandi greiðir sjálfur útlagðan kostnað sinn og starfsmanns sem og akstur nema um annað sé samið.

### **4. kafli**

#### **Stuðningsfjölskyldur**

##### **8. gr.**

##### **Skilgreiningar og þjónusta**

Hlutverk stuðningsfjölskyldna er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi á fjölskyldum barna með fötlun. Þjónustan getur í sérstökum tilvikum staðið til boða fyrir ungmennt að 20 ára aldri.

Börn á aldrinum 6 til 17 ára sem eru með alvarlegan vanda sem jafna má við fötlun geta átt rétt á dvöl hjá stuðningsfjölskyldu.

Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá aðstæðum barns og fjölskyldu. Við matið er horft til umönnunarpunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

- Að jafnaði eru veittir tveir sólarhringar á mánuði í dvöl hjá stuðningsfjölskyldu.
- Í sérstökum tilvikum er leyfilegt að veita allt að fimm sólarhringa á mánuði.

Tekið skal tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu ef hægt er. Aðstæður hjá stuðningsfjölskyldu eru kannaðar af starfsmönnum þjónustudeildar í samræmi við 4. gr. leiðbeinandi reglna velferðarráðuneytisins um þjónustu stuðningsfjölskyldna. Stuðningsforeldri skal hafa náð 23 ára aldri. Félagsmálaráð veitir leyfi til stuðningsfjölskyldna að fenginni umsögn starfsmanna. Greiðslur

til stuðningsforeldra taka mið af umönnunarflokki barnsins samkvæmt Tryggingastofnun ríkisins eða samkvæmt viðmiðum Velferðarsviðs Kópavogs.

## **5. kafli**

### **Skammtímvistanir**

#### **9. gr.**

##### **Skilgreiningar og þjónusta**

Skammtímvistun er til þess ætluð að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra einstaklinga með tímabundinni vistun. Þjónustan getur stuðlað að því að ungmenni búi lengur í heimahúsum, hún veitir tilbreytingu og getur verið undirbúningur að flutningi úr heimahúsum.

Lengd dvalartíma er breytileg eftir aðstæðum hverju sinni.

## **6. kafli**

### **Beinar greiðslur**

#### **10. gr.**

##### **Skilgreiningar og þjónusta**

Foreldrar og forráðamenn fatlaðra barna og ungmenna undir 18 ára aldri geta sótt um að fá til sín fjármagn með beinum greiðslum til þess að skipuleggja þjónustu við barnið sem byggir á samþykktum liðveislutímum eða sólarhringum hjá stuðningsfjölskyldu sé sýnt fram á að það nýtist fjölskyldunni betur en ef velferðarsvið heldur utan um þjónustuna.

Tvíhliða samningur er gerður milli velferðarsviðs og foreldra. Foreldri sér um skipulagningu er varðar framkvæmd þjónustunnar og getur ráðið til þess starfsfólk og/eða keypt þjónustu af einkaaðilum. Skuldbindingar vegna launa og réttinda þeirra sem störfina vinna eru alfarið á ábyrgð viðkomandi sem og ábyrgð og eftirlitskylda með störfum stuðningsaðila.

#### **11. gr.**

##### **Ráðstöfun fjármagns**

Foreldri er ekki heimilt að ráða til sín eða ráðstafa fjármagni til:

- Maka
- Náins ættingja sem býr inn á sama heimili eða annars staðar
- Sambýlismanns/konu sem heldur heimili með viðkomandi

Velferðarsviði er heimilt að gera undantekningar á þessu ákvæði í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á að ættingi sé best til þess fallinn að veita stuðninginn.

## 12. gr.

### Eftirlit og endurgreiðslur

Foreldri ber að skrá bókhald jöfnum höndum og skila því inn til rekstrardeildar velferðarsviðs til yfirferðar á tveggja mánaða fresti þar sem tilgreint er hvernig fjármagni var ráðstafað.

Í bókhaldsgögnum skulu vera undirskrifaðar af báðum aðilum og tímasettar kvittanir eða launamiðar fyrir öllum greiðslum hvort sem þær eru til persónulegra aðstoðarmanna eða einkafyrirtækja svo og yfirlit yfir reikninginn sem velferðarsvið leggur greiðslurnar inn á.

Velferðarsviði ber að gæta þess að umsömdu fjármagni sé ráðstafað á tilætlaðan hátt og hefur heimild til þess að krefjast endurgreiðslu komi í ljós að það hafi að hluta eða öllu leyti ekki verið nýtt samkvæmt ákvæðum samnings. Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla sé nýtt þann mánuð sem við á og endurgreiðist að öðrum kosti. Komi til ofgreiðslu ber að endurgreiða mismuninn til velferðarsviðs innan 14 daga.

## 13. gr.

### Uppsögn

Gagnkvæmur fjögurra vikna frestur er á uppsögn á samningi og þarf hún að berast skriflega. Við eftirlit og endurmat geta breytingar átt sér stað sem leiða til riftunar á samningi. Ákvörðunin skal vera rökstudd, lögð fyrir deildarfund og foreldri tilkynnt hún formlega.

Velferðarsviði er heimilt að rifta samningi og krefjast endurgreiðslu, sé sýnt fram á að:

- ákvæðum samnings hefur ekki verið fylgt, eða
- mótttekið hefur verið fjármagn frá öðrum aðila ætlað að hluta til eða í heild í þá þjónustu sem samningurinn tekur til eða
- vísbendingar séu um misnotkun samningsaðila eða þriðja aðila á fjármagni.

## 7. kafli

### Málsmeðferð og gildistaka

## 14. gr.

### Umsóknarferli

Umsókn um þjónustu þarf að vera skrifleg. Umsóknareyðublað fæst í þjónustuveri Fannborg 2og á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is).

## 15. gr.

### Mat og afgreiðsla

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal innan tveggja vikna boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengilið í viðtal til að afla frekari upplýsinga. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá fagaðilum, með framvísun læknisvottorðs og/eða greinargerð frá viðurkenndum greiningaraðila, þar sem fram kemur mat á þörf viðkomandi fyrir stuðning. Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga er annars vegar metið hvort almenn úrræði samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geta komið til móts við þarfir umsækjanda eða hvort þörf er sérstakra stuðningsúrræða samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Um heildstætt mat á þjónustuþörf er að ræða og þegar við á með hliðsjón af þeirri þjónustu sem þegar er veitt.

Að loknu mati á þjónustubörf er umsókn lögð fyrir deildarfund þjónustudeildar fatlaðra þar sem ákvörðun um afgreiðslu umsóknar er tekin. Ákvörðun um þjónustu skal að jafnaði liggja fyrir innan fjögurra vikna en í ákveðnum tilvikum innan tólf vikna. Umsækjanda er tilkynnt niðurstaða fundar með formlegum hætti. Sé umsókn hafnað skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti. Umsækjanda skal bent á áfrýjunarrétt til félagsmálaráðs.

#### **16. gr.**

##### **Áfrýjun**

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun deildarfundar til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarráðuneytisins þegar niðurstaða félagsmálaráðs liggur fyrir.

#### **17. gr.**

##### **Ábyrgð þjónustuaðila og starfsmanna**

Öllum starfsmönnum og utanaðkomandi þjónustuaðilum á vegum þjónustudeildar ber að gæta þagmælsku og virða trúnað við fólk í starfi sínu og ber þeim að undirrita yfirlýsingu þess efnis.

Starfsmönnum og þjónustuaðilum ber að sýna virðingu í orði sem og í verki. Þeim er ekki heimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi frá þeim sem þeir sinna í starfi sínu eða aðstandendum þeirra. Leiki vafi á hvort um slíkt sé að ræða skal haft samráð við næsta yfirmann um það.

#### **18. gr.**

##### **Starfsmenn og þjónustuaðilar**

Skriflegir samningar skulu gerðir við starfsmenn og þjónustuaðila í stuðningsþjónustu og ber þjónustudeild fatlaðra ábyrgð á framkvæmdinni. Öllum starfsmönnum ber að veita yfirmanni heimild til að afla um sig upplýsinga úr sakaskrá. Starfsmenn og þjónustuaðilar sem kjósa að nota eigin bifreið þurfa skriflegt samþykki notanda eða forsjáraðila ef um barn er að ræða.

#### **19. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992 með síðari breytingum.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Kópavogs 21. júní 2012.